# Sparisjóður Norðfjarðar ses

## Samandreginn árshlutareikningur
## 30. júní 2013

Sparisjóður Norðfjarðar ses
Egilsbraut 25
740 Neskaupstað

Kt. 610269-7029

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra .......... 3

Áritun óháðs endurskoðanda .......... 4

Rekstrarreikningur .......... 5

Efnahagsreikningur .......... 6

Eiginfjáryfirlit .......... 7

Sjóðstreymisyfirlit .......... 8

Skýringar .......... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Sparisjóðs Norðfjarðar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og á síðasta ári.

**Afkoma og eigið fé**

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 9,1 millj. kr. en bókfært eigið fé í lok tímabilsins nam 606,7 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 18,8 % en samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið mati á eiginfjárþörf Sparisjóðsins í svokölluðu SREP ferli og er niðurstaðan sú að eiginfjárkrafan er 16,9% samkvæmt því mati.

Stofnfé sparisjóðsins nam í lok tímabilsins 625,8 millj.kr. og skiptist það í jafn marga hluti sem eru í eigu 86 aðila. Eftirtaldir aðilar eiga meira en 10% af stofnfé í lok júní 2013.

| | |
|---|---|
| Ríkissjóður Íslands | 49,5% |
| Fjarðabyggð | 22,4% |

**Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og sparisjóðsstjóra er árshlutareikningur sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2013 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013. Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðfjarðar hafa í dag rætt árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

Neskaupstað, 30. ágúst 2013

Stjórn:

Sparisjóðsstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og stofnfjáreigenda Sparisjóðs Norðfjarðar**

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Sparisjóðs Norðfjarðar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

*Umfang könnunar*

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit byggt á endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem benti til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur gefi ekki glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

**Akureyri, 30. ágúst 2013**

**Enor ehf**

Níels Guðmundsson

**Níels Guðmundsson**
**löggiltur endurskoðandi**

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2013

| | Skýr. | 2013<br>1.1-30.6 | 2012<br>1.1-30.6 |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur:** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 46.333 | 10.420 |
| Vaxtatekjur af útlánum | | 147.404 | 161.379 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | | 883 | 2.430 |
| | | 194.620 | 174.229 |
| **Vaxtagjöld:** | | | |
| Vaxtagjöld af innlánum | | 108.328 | 132.111 |
| Vaxtagjöld af lántöku | | 2.917 | 3.878 |
| | | 111.245 | 135.989 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 83.375 | 38.240 |
| **Aðrar rekstrartekjur:** | | | |
| Þjónustutekjur | | 18.030 | 17.366 |
| Þjónustugjöld | | (5.060) | (4.814) |
| Gengishagnaður | 4 | 2.443 | 5.361 |
| Ýmsar aðrar rekstrartekjur | | 8.340 | 28.781 |
| | | 23.753 | 46.694 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 107.128 | 84.934 |
| **Önnur rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 34.781 | 45.379 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 51.073 | 56.149 |
| Afskriftir | | 1.440 | 1.440 |
| | | 87.294 | 102.968 |
| Framlag í afskriftarreikning útlána | 5 | (7.252) | 588 |
| Hagnaður (tap) fyrir skatta | | 12.582 | (17.446) |
| Tekjuskattur | | (2.516) | 3.489 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | | (924) | (2.855) |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | | 9.142 | (16.812) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2013

| | Skýr. | 30.06.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | | 35.435 | 19.180 |
| Kröfur á lánastofnanir | | 1.877.573 | 1.612.169 |
| Útlán til viðskiptamanna | | 2.728.181 | 2.568.135 |
| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði | 6 | 214.267 | 695.155 |
| Rekstrarfjármunir | | 95.050 | 96.491 |
| Fullnustueignir | | 96.050 | 101.050 |
| Skatteign | 8 | 137.280 | 139.796 |
| Aðrar eignir | | 20.070 | 9.914 |
| **Eignir samtals** | | 5.203.906 | 5.241.890 |
| **Skuldir** | | | |
| Almenn innlán | | 4.466.323 | 4.447.498 |
| Lántökur | | 104.817 | 124.428 |
| Aðrar skuldir | | 26.037 | 72.377 |
| Skuldir samtals | | 4.597.177 | 4.644.303 |
| **Eigið fé** | 7 | | |
| Stofnfé | | 625.799 | 625.799 |
| Varasjóður | | (19.070) | (28.212) |
| Eigið fé samtals | | 606.729 | 597.587 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 5.203.906 | 5.241.890 |

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2013

| | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árið 2012** | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2012 | 625.799 | (47.427) | 578.372 |
| Tap 1. janúar - 30. júní 2012 | | (16.811) | (16.811) |
| Eigið fé 30. júní 2012 | 625.799 | (64.238) | 561.561 |
| **Árið 2013** | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2013 | 625.799 | (28.212) | 597.587 |
| Hagnaður 1. janúar - 30. júní 2013 | | 9.142 | 9.142 |
| Eigið fé 30. júní 2013 | 625.799 | (19.070) | 606.729 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2013

| | Skýr. | 2013<br>1.1-30.6 | 2012<br>1.1-30.6 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | | 9.142 | (16.812) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Hreinar vaxtatekjur | | (83.375) | (38.240) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | | 1.440 | 1.440 |
| Virðisrýrnun útlána | | 7.251 | (588) |
| Gengismunur lántöku | | (6.448) | (6.095) |
| Skatteign, breyting | | 2.516 | (3.489) |
| Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna | | 0 | (21.594) |
| | | (69.474) | (85.378) |
| Kröfur á lánastofnanir, breyting | | 35.447 | (21.601) |
| Útlán, breyting | | (128.859) | 78.093 |
| Fjáreignir á gangvirði, breyting | | 437.353 | 372.376 |
| Aðrar eignir, breyting | | (10.155) | (4.820) |
| Innlán, breyting | | (39.297) | (98.744) |
| Aðrar skuldir, breyting | | (43.114) | (80.411) |
| | | 181.901 | 159.515 |
| Innheimtir vextir og arður | | 159.149 | 117.717 |
| Greiddir vextir | | (53.095) | (50.237) |
| Handbært fé frá rekstri | | 287.955 | 226.995 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Söluverð fastafjármuna | | 0 | 32.735 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Lántaka breyting | | (13.163) | 0 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 274.792 | 259.730 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 1.605.105 | 366.372 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 1.879.897 | 626.106 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Norðfjarðar er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru að Egilsbraut 25, Neskaupstað. Hlutverk Sparisjóðs Norðfjarðar er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

*Grundvöllur reikningsskilanna*

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru færð á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður og hann er í íslenskum krónum.

Árshlutareikningur sparisjóðsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning sjóðsins fyrir árið 2012.

## 3. Matsaðferðir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Við gerð árshlutareikningsins notuðust stjórnendur við sömu aðferðir við mat og ákvarðanir og við gerð ársreiknings sjóðsins árið 2012.

## 4. Gengishagnaður

| Gengishagnaður greinist þannig: | **2013**<br>1.1.-30.6. | **2012**<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa og skuldabréfa | 11.585 | 9.600 |
| Gjaldeyristengdar eignir og skuldir | (9.142) | (4.239) |
| Samtals | 2.443 | 5.361 |

## 5. Útlán

| Afskriftareikningur útlána greinist þannig: | **Afskriftareikningur**<br>**Sérstakur** | <br>**Almennur** | **30.6.2013**<br>**Samtals** | **31.12.2012**<br>**Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins | 162.919 | 53.227 | 216.146 | 227.269 |
| Framlag í afskriftareikning á tímabilinu | 4.389 | 2.863 | 7.252 | 21.357 |
| Endanlega töpuð útlán | (24.599) | | (24.599) | (32.480) |
| Innkomið áður afskrifað | 440 | | 440 | 0 |
| Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins | 143.149 | 56.090 | 199.239 | 216.146 |
| Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum og veittum ábyrgðum | 4,8% | 2,0% | 6,8% | 7,7% |

## 6. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

| Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig: | **30.6.2013** | **31.12.2012** |
|---|---|---|
| Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum | 175.763 | 656.651 |
| Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum | 38.504 | 38.504 |
| Samtals | 214.267 | 695.155 |

## 7. Eigið fé

Stofnfé sparisjóðsins nemur 625,8 millj. kr. og skiptist það á 86 aðila.

| Yfirlit um eigið fé: | Stofnfé | Varasjóður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2013 | 625.799 | (28.212) | 597.587 |
| Hagnaður tímabilsins | | 9.142 | 9.142 |
| Eigið fé 30.06.2013 | 625.799 | (19.070) | 606.729 |

Eigið fé í lok júní nam 606,7 millj. kr. eða 11,7 % af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 18,8%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Fjármálaeftirlitið birti í júlí 2013 niðurstöðu könnunar og matsferils á eiginfjárþörf Sparisjóðs Norðfjarðar og er þar gerð krafa um 16,9% eiginfjárhlutfall.

| Hlutfallið reiknast þannig: | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Heildar eigið fé | 606.729 | 597.587 |
| Víkjandi lán | 44.547 | 59.103 |
| Skatteign | (137.280) | (139.796) |
| Eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum | (8.262) | (8.262) |
| Eiginfjárgrunnur samtals | 505.734 | 508.632 |
| Heildar eiginfjárkrafa skiptist þannig: | | |
| Útlánaáhætta | 172.509 | 158.209 |
| Markaðsáhætta | 14.056 | 32.395 |
| Rekstraráhætta | 28.700 | 28.700 |
| Eiginfjárkrafa | 215.265 | 219.304 |
| Umfram eigin fé | 290.469 | 289.328 |
| Eiginfjárhlutfall | 18,8% | 18,6% |

## 8. Skatteign

| Breytingar á skatteign á tímabilinu greinast þannig: | 30.6.2013 | 31.12.2012 |
|---|---|---|
| Skatteign í ársbyrjun | 139.796 | 144.328 |
| Tekjuskattur af reglulegri starfsemi | (2.516) | (4.532) |
| Skatteign í lok tímabilsins | 137.280 | 139.796 |

Skatteign sparisjóðsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | (2.013) | (2.138) |
| Gengismunur | 2.216 | 789 |
| Útlán | 39.848 | 42.837 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 97.229 | 98.308 |
| Skatteign í lok tímabilsins | 137.280 | 139.796 |

## 9. Eignir og skuldir háðar gengisáhættu og verðtryggingu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 2.087 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 2.583 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 208,3 millj. kr. í lok tímabilsins og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 185,4 millj. kr.

## 10. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru stjórn sparisjóðsins, lykilstjórnendur og stofnfjáraðilar sem eiga yfir 10% af stofnfé og félög tengd framangreindum aðilum.

*Viðskipti við tengda aðila*
Lán til tengdra aðila nema 47,2 millj. kr. í lok júní 2013. Lánskjör eru hliðstæð og gerist við sambærilegar lánveitingar til annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

## 11. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

| | **30.6.2013** | **31.12.2012** |
|---|---|---|
| Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna ........ | 35.340 | 42.192 |
| Ónotaðar yfirdráttarheimildir ........ | 193.893 | 211.941 |